



cutting through complexity

# Reykjanesbær

## Greiningar á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfum

Ráðgjafarsvið

29. október 2014



	<b>bls.</b>
<b>Samantekt</b>	3
<b>Staðan</b>	14
<b>Skýr markmið – „Sóknin“</b>	26
<b>Aðgerðir í rekstri</b>	31
<b>Fjárfestingar</b>	36
<b>B hluta starfsemi</b>	45
<b>Áhrif „Sóknarinnar“</b>	53
<b>Viðaukar</b>	58

- KPMG var falið að aðstoða við greiningu á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfum í fjármálum sveitarfélagsins. Bæjarstjóri og fjármálastjóri Reykjanesbæjar voru helstu tengiliðir sveitarfélagsins við gerð greiningarinnar.
- Vinnan er unnin í samræmi við ráðningarbréf dagsett 30. apríl 2014 og fór fram á tímabilinu frá maí til október 2014. Samkvæmt ráðningarbréfi er vinnunni skipt í tvo hluta, annars vegar greiningu á framtíðar horfum og hins vegar gerð sérstakrar sviðsmyndagreiningar fyrir bæjarfélagið í framhaldi af því. Skýrsla þessi nær til fyrri hluta verkefnisins um greiningu á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfum í fjármálum sveitarfélagsins.
- KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður greiningarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma fram síðar.
- Vinnan er byggð á upplýsingum frá sveitarfélaginu, vinnufundum með lykilstarfsmönnum og bæjarráði, auk annarra opinberra upplýsinga svo sem af heimasíðu sveitarfélagsins og úr gagnagrunnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
- Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem stuðst er við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert í þessu verkefni ber að túlka sem lögfræðilegt álit eða mat á lögfræðilegum atriðum.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu greiningarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli greiningarinnar eða niðurstaðna sem í skýrslunni eru, er hjá sveitarfélaginu sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

**Oddur Gunnar Jónsson**

*Senior Manager, Reykjavík*

*KPMG ehf.*

ojonsson@kpmg.is

**Svanbjörn Thoroddsen**

*Partner, Reykjavík*

*KPMG ehf.*

sthoroddsen@kpmg.is

Sími: 545 6000

**Samantekt**

# Samantekt Niðurstöður áætlana

## Við mat á núverandi stöðu og framtíðarhorfum er litið til:

- Fjögurra ára áætlunar 2014 til 2017.
  - Uppfærð miðað við forsendur útkomuspár 2014.
- Langtímaáætlana (spá) 2018 til 2021.
  - Stuðst er við uppfærða fjögurra ára áætlun.

## Áhersla á A hluta

- Í þessari úttekt leggjum við áherslu á A hluta sérstaklega enda liggja skatttekjur og grunnþjónusta sveitarfélagsins í þeim hluta.
- Þannig þurfa þau fjárhagslegu markmið sem sveitarfélagið setur sér fyrst og fremst að vera uppfyllt í A hluta.
- B hluta stofnanir vega þungt í samstæðunni en valda jafnframt miklum sveiflum í afkomu og skuldum samstæðunnar.
- Lágmarksviðmið eftirlitsnefndar byggja öll á samstæðugrunni, þ.e. A og B hluta.
- Í umfjölluninni hér á eftir munum við því horfa annars vegar á A hluta og hins vegar á A og B hluta saman.

Lykiltölur Reykjanesbæjar A hluti									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Skuldaviðmið	234,9%	230,4%	229,2%	225,3%	209,6%	209,0%	198,0%	186,6%	172,7%
Framlegð / tekjur	5,0%	2,1%	2,1%	4,4%	4,4%	4,4%	6,2%	8,3%	9,7%
Rekstrarniðurstaða	-540	-734	-809	-484	-375	-234	46	362	597
Veltufé / tekjur	4,4%	2,3%	2,2%	4,1%	4,7%	5,4%	7,2%	9,3%	10,6%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	0,60	0,22	0,21	0,40	0,58	0,40	1,18	1,82	2,10

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

Lykiltölur Reykjanesbæjar A og B hluti									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Skuldaviðmið	248,5%	237,9%	236,9%	242,0%	230,0%	218,4%	209,4%	200,1%	188,8%
Framlegð / tekjur	17,4%	17,8%	20,4%	18,6%	18,4%	19,3%	20,3%	21,3%	22,2%
Rekstrarniðurstaða	-973	-1.165	-632	-868	-643	-233	246	655	1.038
Veltufé / tekjur	13,9%	9,4%	13,9%	12,1%	12,7%	14,2%	15,5%	16,9%	18,0%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	1,91	1,01	1,46	0,54	1,55	0,79	2,16	2,62	2,84

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga					
Skuldaviðmið	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé / tekjur	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0


Heimild: EFS bréf til sveitarstjórna

...Mikilvægt að aðgreina A og B hluta starfsemi

# Samantekt


## Þróun skuldaviðmiðs yfir spátímann

### Skuldaviðmið A hluti



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG


### Skuldaviðmið AB hluti



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

...Reykjanesbær stenst ekki skuldaviðmið yfir áætlunartímann

# Samantekt Skuldaviðmið og veltufé sveitarfélaga AB hluti



Reitur 1: Lítil skuldsetning og rekstur stendur vel undir núverandi skuldsetningu

Reitur 2: Mikil skuldsetning en rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu

Reitur 3: Lítil skuldsetning en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu

Reitur 4: Mikil skuldsetning og rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu

Heimild: Íslensk sveitarfélög, skýrsla gerð af Íslandsbanka

...Skuldaviðmið hæst hjá Reykjanesbæ

# Samantekt

## Þróun framlegðar yfir spátímamann


### Framlegð Reykjanesbæjar

- Almennt þurfa skuldsettari sveitarfélög að vera með hærri framlegð til að standa undir hærri greiðslubyrði.
  - Eftirlitsnefnd styðst við hækkandi framlegðarhlutfall (veltufé) eftir því sem skuldaviðmið er hærra.
- Myndirnar til hliðar sýna framlegð og framlegðarhlutfall sem er rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði (sambærilegt við EBITDA í fyrirtækjarekstri).
- Framlegð A hluta Reykjanesbæjar sem hlutfall af tekjum yfir spátímabilið er langt undir meðal framlegðarhlutfalli samanburðar sveitarfélaga<sup>1</sup> sem var 13,1% í lok árs 2013.
- Framlegðarhlutfall AB hluta Reykjanesbæjar yfir spátímabilið er hins vegar yfir meðaltali samanburðar sveitarfélaga.
  - Framlegð samkvæmt ársreikningi innifelur heildarframlegð HS Veitna. Hins vegar á Reykjanesbær einungis 50% í því félagi.
  - Rauða línan sýnir framlegð þar sem leiðrétt er fyrir hluta annarra eigenda í framlegð HS Veitna.
  - Miðað við þá stöðu er framlegð AB hluta lakari en hjá samanburðar sveitarfélögum.

1. Samanburðar sveitarfélög eru Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Grindavík og Akureyrarkaupstaður


**...Framlegð Reykjanesbæjar er óviðunandi miðað við skuldastöðu.**

### Framlegð Reykjanesbæjar (A-hluti)



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

### Framlegð Reykjanesbæjar (AB-hluti)



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG



# Samantekt Afborganir og greiðslustaða

## Pung greiðslubyrði lána og leiguskuldbindinga

- Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga er þung á næstu árum og umfram þá framlegð sem reksturinn skilar í A hluta.

## Hætta á greiðsluvanda


- Ef lítið er á sjóðstreymi árána 2014 og 2015 blasir við fjárvöntun samtals að fjárhæð 1,3 milljarðar króna.
- Þessa fjárvöntun þarf að fjármagna með einhverjum hætti, en fjárhagsstaða sveitarfélagsins takmarkar mjög leiðir til fjármögnunar.

Fjárvöntun í fjögurra ára áætlun							
M.kr.	Uppsöfnun		Fasteignir Reykjanesbæjar	Hjúkrunarheimilið Nesvellir	Reykjaneshöfn	Samtals B hluti	Uppsöfnun A og B hluti
	A hluti	A huti					
Árið 2014	-330	-330	-33	45	108	120	-210
Árið 2015	-1.213	-1.543	-21	-8	151	121	-1.302
Árið 2016	-1.034	-2.577	-25	-10	-2.445	-2.480	-4.816
Árið 2017	317	-2.260	-28	-11	429	390	-4.109
	<b>-2.260</b>		<b>-108</b>	<b>16</b>	<b>-1.758</b>	<b>-1.849</b>	

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

...Stefnir í greiðsluvanda án frekari aðgerða.


## Afborganir langtímaskuldbindinga A hluti



■ Afborganir langtímalána  
— Afborganir langtímalána til 30 ára  
— Afborganir langtímalána til 20 ára

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

## Afborganir langtímaskuldbindinga AB hluti



■ Afborganir langtímalána  
— Afborganir langtímalána til 30 ára  
— Afborganir langtímalána til 20 ára

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG


# Samantekt

## Hvað þarf að gera?

### Markmið til framtíðar

- Núverandi skuldaviðmið er langt umfram lögbundið hámark og ljóst að það er verk að vinna til að koma því niður fyrir hámarkið yfir spátímabilið.
- Þannig er nauðsynlegt að ná skuldaviðmiðinu niður fyrir 150% til þess að uppfylla skilyrði sveitastjórnarlaga og tímamörkin eru til 2021.
- Það að uppfylla lágmarksmarkmið er ekki endilega ákjósanleg staða.
- Eðlilegt er að Reykjanesbær setji sér markmið sem miða að viðunandi stöðu til lengri tíma og tryggja sínum íbúum samkeppnishæf lífskjör.
  - Hér er stuðst við markmið um að skuldaviðmið verði skilgreint á bilinu 90 – 150% í lok spátímabilsins.

### Skuldaviðmið – Hvað þarf að gera?



...Setja þarf skýr markmið til að komast úr fjárhagsvanda

### Aukin framlegð A hluta

- Tillaga um stefnu.
  - Auka framlegð um að lágmarki 900 m.kr. á ári.
    - Tekjubati um 400 m.kr.?
    - Lækkun rekstrarkostnaðar um 500 m.kr.?

### Stöðva fjárflæði frá A hluta yfir í B hluta

- Tillaga um stefnu.
  - B hluta starfsemi verði sjálfbær.
  - HS Veitur skili hámarks arði til A hluta.



### Lækkun/frestun fjárfestinga

- Tillaga um stefnu.
  - Takmarka fjárfestingar A hluta við 200 m.kr. að jafnaði á ári þar til fjárhagsmarkmiðum hefur verið náð.

### Sala eigna og endurskipulagning skulda

- Tillaga um stefnu.
  - Mæta mikilli greiðslubyrði næstu ára með endurfjármögnun skulda og skuldbindinga sem styður við fjárhagsleg markmið sveitarfélagsins.
  - Skoða möguleika á sölu eigna eða sameiningu B hluta stofnana.

**...Viðsnúningur krefst aðgerða í fjórum þáttum starfseminnar.**

# Samantekt Lykiltölur ef „Sóknin“ er farin (A hluti)

Fyrir aðgerðir

Lykiltölur Reykjanesbæjar A hluti									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Skuldaviðmið	234,9%	230,4%	229,2%	225,3%	209,6%	209,0%	198,0%	186,6%	172,7%
Framlegð / tekjur	5,0%	2,1%	2,1%	4,4%	4,4%	4,4%	6,2%	8,3%	9,7%
Rekstramiðurstaða	-540	-734	-809	-484	-375	-234	46	362	597
Veltufé / tekjur	4,4%	2,3%	2,2%	4,1%	4,7%	5,4%	7,2%	9,3%	10,6%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	0,60	0,22	0,21	0,40	0,58	0,40	1,18	1,82	2,10

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG



Eftir aðgerðir

Lykiltölur Reykjanesbæjar A hluti með áhrifum aðgerða									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Skuldaviðmið	234,9%	230,4%	212,1%	198,8%	172,5%	154,9%	138,4%	120,3%	102,3%
Framlegð / tekjur	5,0%	2,1%	8,2%	12,5%	12,1%	11,5%	12,9%	14,6%	15,6%
Rekstramiðurstaða	-540	-734	66	641	750	891	1.171	1.487	1.722
Veltufé / tekjur	4,4%	2,3%	10,4%	14,2%	14,3%	14,4%	15,6%	17,2%	18,0%
Veltufé / afb. lána og skuldbindin	0,60	0,22	0,56	0,71	0,71	0,44	1,07	1,12	1,43

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

...A hluti myndi breytast hratt til betri vegar.

# Samantekt Lykiltölur ef „Sóknin“ er farin (A og B hluti)

Fyrir aðgerðir

Lykiltölur Reykjanesbæjar A og B hluti									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Skuldaviðmið	248,5%	237,9%	236,9%	242,0%	230,0%	218,4%	209,4%	200,1%	188,8%
Framlegð / tekjur	17,4%	17,8%	20,4%	18,6%	18,4%	19,3%	20,3%	21,3%	22,2%
Rekstrarniðurstaða	-973	-1.165	-632	-868	-643	-233	246	655	1.038
Veltufé / tekjur	13,9%	9,4%	13,9%	12,1%	12,7%	14,2%	15,5%	16,9%	18,0%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	1,91	1,01	1,46	0,54	1,55	0,79	2,16	2,62	2,84

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG



Eftir aðgerðir


Lykiltölur Reykjanesbæjar A og B hluti með áhrifum aðgerða									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Skuldaviðmið	248,5%	237,9%	226,2%	224,3%	205,0%	182,0%	168,9%	154,6%	140,2%
Framlegð / tekjur	17,4%	17,8%	23,7%	23,5%	23,2%	23,7%	24,5%	25,4%	26,1%
Rekstrarniðurstaða	-973	-1.165	18	32	257	667	1.146	1.555	1.938
Veltufé / tekjur	13,9%	9,4%	17,4%	17,2%	17,6%	18,8%	19,8%	21,0%	21,9%
Veltufé / afb. lána og skuldbindin	1,91	1,01	1,21	0,60	1,09	0,61	1,54	1,57	1,90

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG


...Stór ný verkefni Reykjaneshafnar myndu bæta stöðuna enn frekar.

# Samantekt Skuldaviðmið ef „Sóknin“ er farin

## Skuldaviðmið A hluti



## Skuldaviðmið AB hluti




Fyrir aðgerðir




Eftir aðgerðir

## Skuldaviðmið A-hluti með aðgerðum



## Skuldaviðmið AB-hluti með aðgerðum



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

**Sóknin myndi skila árangri!**

**Staðan**

## Bakgrunnur verkefnisins

- Reykjanesbær leitaði í apríl síðast liðnum til KPMG með aðstoð við greiningu á fjármálum sveitarfélagsins í heildstæðri mynd og þá m.t.t. framtíðarhorfa í fjármálum þess og áætlunum. Sveitarfélagið hafði til afnota sérstakt áætlunarlíkan frá KPMG og var óskað eftir því að samhliða þeirri greiningu yrði því komið í virkni hjá fjármáladeild sveitarfélagsins. Verkefninu var í þeim tilgangi skipt í nokkra þætti.
  1. Aðstoð við greiningu á fjárhagsstöðu og framtíðarhorfum.
  2. Sviðsmyndagreining á grundvelli sviðsmynda sem þegar lágu fyrir um Suðurnes.
  3. Aðstoð við uppsetningar á framtíðaráætlunum og greiningar til nota við fjárhagsáætlanir til framtíðar.
- Í þessari greiningu er samantekt á fyrsta hluta verkefnisins.

## Leiðarljós vinnunnar

- Þegar lítið er til framtíðarhorfa í fjármálum sveitarfélagsins er eðlilegt að líta til þriggja þátta:
  1. Líta verður til allra skuldbindandi gerninga svo sem samþykktra fjárheimilda í fjárhagsáætlunum og gerðra samninga hvort heldur sem er um eignir eða hvers konar skuldbindingar.
  2. Sveitarfélögum ber að uppfylla 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samkvæmt henni ber sveitarstjórnnum að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og skulda sé þannig háttað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Skyldu þessari skulu sveitarfélög m.a. fullnægja með eftirfarandi viðmiðunum.
    - Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B- hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samlögðum reglulegum tekjum.
    - Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum þess. Við útreikning á skuldaviðmiði skv. reglugerð nr. 502/2012 skal draga frá heildarskuldum og skuldbindingum; leiguskuldbindingu frá ríkissjóði, lífeyrisskuldbindingar sem koma til greiðslu eftir 15 ár eða seinna og hreint veltufé sem eru skammtímæignir umfram skammtímaskuldir.
  3. Til að geta boðið íbúum sveitarfélagsins uppá samsvarandi lífsgæði og íbúum annarra sveitarfélaga getur verið eðlilegt að líta til frekari markmiða en sveitarstjórnarlög kveða á um og í því tilliti hvar sambærileg sveitarfélög standa.
- Því er ljóst að bæjarstjórn verður að setja sér raunhæf markmið til framtíðar er taka tillit til framangreindra þátta.



## Flokkun starfseminnar

- Samkvæmt sveitarstjórnarlögum ber að flokka starfsemi sveitarfélaga í A og B hluta:
  - A hluti merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leiti er fjármögnuð af skatttekjum.
  - B hluti merkir stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.
- Við flokkun á þjónustu sveitarfélaga almennt er mikil áherslu lögð á A hluta sérstaklega, enda liggur grunnþjónusta sveitarfélaganna í þeim hluta.
- B hluta stofnanir vega hins vegar oft þungt í heildarsamstæðu sveitarfélaga og valda oft miklum sveiflum í afkomu, eignum og skuldum samstæðunnar. Einnig getur oft verið erfitt að bera saman B hluta starfsemi sveitarfélaga saman á milli einstakra sveitarfélaga vegna mismunandi uppbyggingar hans.
- Í umfjölluninni hér á eftir munum við því horfa annars vegar á A hluta og hins vegar á A og B hluta samtæðu, enda miða öll fjárhagsleg viðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga við A og B hluta samtals, en grunnþjónusta er hins vegar í A hluta.
- Þrátt fyrir að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga miði sín viðmið við A og B hluta saman, setjum við einnig fram í greiningunni samsvarandi viðmið fyrir A hluta sér.

### Talnagrunnur sem stuðst er við

- Við mat á núverandi stöðu og horfum til framtíðar er litið til eftirfarandi þátta:
  - Ársreikningar 2010 til 2013.
    - Á árinu 2010 var meðhöndlun leigugreiðslna í reikningsskilum sveitarfélaga breytt, svo sem frá Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. sem á m.a. margar eignir sem notaðar eru við grunnþjónustu Reykjanesbæjar. Við breytinguna voru allar leigðar eignir færðar til eignar meðal fastafjármuna og leiguskuld færð á meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi. Færslu leigugreiðslna til leigusala var breytt þannig að leigugreiðslur sem áður voru færðar í annan rekstrarkostnað í rekstrarreikningi eru nú greindar á rekstrarkostnað, fjármagnskostnað og afborgun leiguskuldbindingarinnar frá og með árinu 2010.
    - Því er stuðst við úrvinnslu og greiningar framangreinda fjögurra ársreikninga.
  - Fjögurra ára áætlun
    - Samþykkt fjögurra ára áætlun er í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en hún felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára. Fjárhagsáætlun næsta árs felur í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til (fjárheimildir). Óheimilt er að víkja frá ákvörðun sveitarstjórnar um fjárheimild í áætlun næsta árs nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt sérstakan viðauka við áætlunina.
    - Samþykkt var fjárhagsáætlun fyrir Reykjanesbæ í bæjarstjórn þann 17. desember 2013 sem inniheldur bindandi fjárheimildir fyrir sveitarfélagið á árinu 2014. Við vinnslu verkefnisins hefur samþykkt fjárhagsáætlun verið uppfærð af fjármáladeild sveitarfélagsins í sérstaka útkomuspá sem lögð var fyrir í bæjarráð í september 2014.
    - Út frá útkomuspá hafa grunnforsendur fjögurra ára áætlunar, þ.e. árin 2015 til 2017, verið uppfærðar til samræmis við breytingar í útkomuspá.
  - Langtímaáætlanir (spá)
    - Sérstök 10 ára aðlögunaráætlun var gerð fyrir Reykjanesbæ í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í sveitastjórnarlögum og lögð fram í bæjarráði 27. febrúar 2014. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu ber þeim sveitarfélögum sem ekki uppfylla ákveðin fjárhagsleg viðmið í samræmi við 64. gr. sveitarstjórnarlaga að skila slíkri áætlun til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
    - Við gerð spár fyrir árin 2018 til 2021 er stuðst við grundvöll aðlögunaráætlunar sveitarfélagsins og við uppfærða fjögurra ára áætlun.
  - Í sérstökum viðauka hér með eru helstu forsendur langtímaspár útlistaðar frekar.

# Staðan

## Um uppbyggingu samstæðu sveitarfélagsins

### Flokkun starfseminnar

- Samkvæmt sveitarstjórnalögum nr. 138/2011 ber að skipta þjónustu sveitarfélaga í tvo hluta: A hluta sem merkir aðalsjóð sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum; B hluta sem inniheldur stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar

### Starfsemi Reykjanesbæjar samkvæmt ársreikningi 2013

A hluti	Starfsemi
Aðalsjóður	Hefðbundin starfsemi málaflokka sveitarfélaga.
Eignasjóður	Rekstur og uppbygging fasteigna, gatna, opinna svæða og önnur fjárfesting.
Þjónustumiðstöð	Rekstur áhaldahúss og þjónusta við íbúa.
B hluti	
Tjarnargata 12 ehf.	Tilgangur félagsins er fasteignarekstur og skyld starfsemi.
Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf.	Tilgangur félagsins er að standa að og stýra eignakaupum og endursölu fasteigna sem hamla skipulagi og eðlilegri framvindu byggðar í Reykjanesbæ.
Framkvæmdasjóður aldraðra	Sjálfstæð stofnun sveitarfélagsins. Engin starfsemi á vegum stofnunarinnar undanfarin ár, en á fastafjármuni í árslok 2013
Víkingaheimar	Rekstur fasteignar (Útlendingur ehf.) og rekstur víkingasafns (Íslendingur ehf.)
Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.	Rekstur félagslegra leiguíbúða í samræmi við VIII. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
Fráveita Reykjanesbæjar	Sjálfstæð stofnun sveitarfélagsins sem á og rekstur fráveitu sveitarfélagsins og leigir til aðalsjóðs.
Reykjaneshöfn	Stofnun sveitarfélagsins á sjálfstæðri kennitölu sem starfar á grundvelli hafnalaga nr. 61/2003.
HS Veitur	Rekstur veitna (50,1% eignarhlutur Reykjanesbæjar).

## Breytingar á samstæðu við úrvinnslu og tillögur

- Við úrvinnslu á framtíðarfjárlæði og uppbyggingu efnahagsreiknings til framtíðar hefur verið tekið tillit til eftirfarandi breytinga á samstæðu og jafnframt er lagt til að þær breytingar verði gerðar í reikningsskilum Reykjanesbæjar á samstæðunni.
  - **Tjarnargata 12 ehf.** á og rekur núverandi húsnæði sem í dag m.a. hýsir bæjarskrifstofur og bókasafn. Á árinu 2013 flutti Landsbanki Íslands starfsemi sína úr húsinu og þar með varð Reykjanesbær stærsti leigutakinn í því húsnæði. Við þá breytingu uppfyllir félagið ekki skilyrði til að teljast B hluta stofnun.
    - Samþykkt hefur verið að leggja niður sjálfstætt félag um rekstur fasteignarinnar til framtíðar og að eignasjóður yfirtaki starfsemi félagsins. Þess verði þó gætt að slíkt leiði ekki til frekari útgjalda svo sem greiðslu tekjuskatts, en samkvæmt ársreikningi félagsins hvílir m.a. tekjuskattskuldbinding á félaginu að fjárhæð 29,0 millj. kr.
  - **Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf.** á og rekur fasteignir í eigu sveitarfélagsins. Á árinu 2013 námu rekstrartekjur sjóðsins 4,8 millj. kr. en heildarútgjöld þ.m.t. fjármagnsgjöld og afskriftir 23,7 millj. kr. og tap félagsins nam því 18,9 millj. kr. Samsvarandi starfsemi var á árinu 2012 en tap þess árs nam 18,4 millj. kr.
    - Lagt er til starfsemi félagsins verði lögð niður, samið verði við lánadrottna um uppgjör skulda félagsins og eignasjóður yfirtaki nauðsynlegar eignir fyrir starfsemi Reykjanesbæjar.
  - **Framkvæmdasjóður aldraðra** á fasteignir er tengjast öldrunarþjónustu, en enginn rekstur hefur verið færður hjá sjóðnum á síðustu árum.
    - Þar sem engin starfsemi er í sjóðnum telst hann vart sem B hluta stofnun og er lagt til að eignasjóður yfirtaki fasteignir sjóðsins og hann lagður niður sem sjálfstæð stofnun.
  - **Víkingaheimar** er samstæða tveggja félaga. Íslendingur ehf. sem er að 99,8% hluta í eigu Reykjanesbæjar rekur víkingasafn og leigir fasteign undir starfsemi félagsins af Útlendingi ehf. sem er að fullu í eigu Íslendings ehf. Á árinu 2013 námu samanlagðar tekjur félaganna beggja 25,6 millj. kr. og voru útgjöld félaganna að fjárhæð 60,4 millj. kr. Á árinu var tekjufærð eftirgjöf skulda að fjárhæð 28,9 millj. kr. og nam tap félagsins 11,9 millj. kr. að teknu tilliti til niðurfellinga skulda. Miðað við fyrirliggjandi áætlanir nema tekjur félaganna innan við 50% af heildarkostnaði við rekstur þeirra og því uppfyllir starfsemin vart skilgreiningu sem B hluta stofnun.
    - Lagt er til að félögin verði seld ef kostur er, en annars lögð niður í núverandi mynd eða. Starfsemi Íslendings ehf. verði þá hluti af menningarmálum hjá aðalsjóði og rekstur fasteignar, starfsemi Útlendings ehf., verði hluti af starfsemi eignasjóðs sveitarfélagsins.

# Staðan

## Um uppbyggingu samstæðu sveitarfélagsins

### Breytingar á samstæðu við úrvinnslu og tillögur frh.

- Uppbygging hjúkrunarheimilis á vegum Eignasjóðs Reykjanesbæjar að Nesvöllum stóð yfir í árslok 2013 og nam fjárfesting í byggingunni um 1,1 milljarði króna í árslok. Uppbyggingin er gerð á grundvelli samnings við Velferðarráðuneytið dags. 4. maí 2010. Velferðarráðuneytið greiðir húsaleigu fyrir afnot af byggingunni á grundvelli fyrrgreinds samnings og er áætluð hlutdeild ráðuneytisins um 85% af kostnaði við rekstur fasteignarinnar að Nesvöllum. Leigugreiðslur hófust í mars 2014 og er áætlaður heildarbyggingarkostnaður um 1,5 milljarður króna.
  - Þar sem áætlaðar leigutekjur koma hið minnsta að 85% hluta frá Velferðarráðuneyti og verkefnið þar af leiðandi fjármagnað að stærstum hluta af ríkissjóði, en ekki skatttekjum sveitarfélagsins, er lagt til að á árinu 2014 við lok uppbyggingartíma sé mynduð sjálfstæð stofnun um rekstur fasteignarinnar að Nesvöllum í B hluta starfsemi sveitarfélagsins, enda sýna áætlanir fram á sjálfbærni rekstrarins án frekari greiðslna frá A hluta til næstu ára.
- Framangreindum tillögum og breytingum er ætlað að endurspeglar með skýrari hætti starfsemi sveitarfélagsins og auðvelda samanburð við önnur sveitarfélög.

### Lykiltölur

- Taflan til hliðar sýnir lykiltölur úr fjárhag A og B hluta samkvæmt áætlun Reykjanesbæjar. Ítarlegra fjárhagsyfirlit A og B hluta má sjá í viðauka.
- Neðst í töflunni eru kennitölur, sem eru rauðleitar þar sem A og B hlutinn nær ekki viðmiðum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaganna (EFS), en grænleitar þar sem A og B hlutinn nær viðmiðunum.
- Áætlanir gera ráð fyrir því að rekstrartekjur A og B hluta hækki um 40% út spátímann.
- Skuldaviðmið A og B hluta lækkar úr 248% árið 2013 niður í 189% í lok árs 2021.
  - Reykjanesbær stenst ekki skuldaviðmið yfir spátímann.
- Framlegðarhlutfallið hækkar úr 17,4% árið 2013 í 22,2% í lok árs 2021.
  - Er komið yfir viðmið EFS 2020.
- Rekstrarniðurstaða verður jákvæð frá 2019.
- Veltufé sem hlutfall af tekjum hækkar úr 13,9% árið 2013 í 18% í lok árs 2021.
  - Er komið yfir viðmið EFS árið 2015 og svo frá 2017 út spátímann.
- Veltufé sem hlutfall af afborgunum lána og skuldbindinga er yfir viðmiði yfir spátímann utan 2016 og 2018 þegar háar afborganir eru á gjalddaga.

Lykiltölur Reykjanesbæjar A og B hluti										
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	
<b>Rekstur</b>										
Rekstrartekjur	14.893	15.779	16.660	16.463	17.053	18.190	19.025	19.942	20.857	
Rekstrargjöld	12.296	12.974	13.267	13.395	13.913	14.679	15.172	15.685	16.219	
Framlegð	2.597	2.805	3.393	3.069	3.140	3.511	3.853	4.257	4.638	
Rekstrarniðurstaða ársins	-973	-1.165	-632	-868	-643	-233	246	655	1.038	
<b>Efnahagur</b>										
Eignir samtals	47.919	48.351	49.052	49.055	47.802	48.317	48.927	49.893	50.671	
Eiginfjárreikningar	7.497	6.991	6.524	5.821	5.343	5.275	5.686	6.506	7.710	
Skuldir og skuldbindingar samtals	40.422	41.360	42.528	43.234	42.459	43.042	43.241	43.387	42.962	
<b>Sjóðstreymi</b>										
Veltufé frá rekstri	2.066	1.481	2.320	1.994	2.164	2.589	2.941	3.362	3.760	
Fjárfestingarhreyfingar	-1.721	29	-685	-693	1.061	-1.885	-700	-1.000	-700	
Afborganir langtímalána	-1.083	-1.461	-1.589	-3.681	-1.395	-3.297	-1.362	-1.282	-1.322	
Hækkun/lækkun á handbæru fé	680	175	-176	-2.605	1.605	-2.817	654	856	1.514	
Skuldaviðmið	248,5%	237,9%	236,9%	242,0%	230,0%	218,4%	209,4%	200,1%	188,8%	
Framlegð / tekjur	17,4%	17,8%	20,4%	18,6%	18,4%	19,3%	20,3%	21,3%	22,2%	
Rekstrarniðurstaða	-973	-1.165	-632	-868	-643	-233	246	655	1.038	
Veltufé / tekjur	13,9%	9,4%	13,9%	12,1%	12,7%	14,2%	15,5%	16,9%	18,0%	
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	1,91	1,01	1,46	0,54	1,55	0,79	2,16	2,62	2,84	

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga					
Skuldaviðmið	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé / tekjur	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0

Heimild: Bréf EFS til sveitastjórna um fjármál sveitarfélaganna, 2013

# Staðan

## Lykiltölur A hluta

### Lykiltölur

- Taflan til hliðar sýnir lykiltölur úr fjárhag A hluta samkvæmt áætlun Reykjanesbæjar. Ítarlegra fjárhagsyfirlit A hluta má sjá í viðauka.
- Núverandi áætlanir gera ráð fyrir því að rekstrartekjur A hluta hækki um 50% út spátímann og rekstrargjöld hækki um 43%.
- Skuldaviðmið A hluta lækkar úr 235% árið 2013 niður í 173% í lok árs 2021.
  - Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er horft til A og B þegar skuldaviðmið er reiknað.
- Framlegðarhlutfallið hækkar úr 2,1% árið 2014 í 7,5% í lok árs 2021.
- Veltufé sem hlutfall af tekjum hækkar úr 4,4% árið 2013 í 10,6% í lok árs 2021.

Lykiltölur Reykjanesbæjar A hluti									
M.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
<b>Rekstur</b>									
Rekstrartekjur	9.376	9.644	10.081	10.549	11.079	11.964	12.631	13.381	14.120
Rekstrargjöld	8.911	9.443	9.869	10.082	10.595	11.439	11.844	12.266	12.756
Framlegð	465	201	212	467	484	525	787	1.115	1.364
Rekstrarniðurstaða ársins	-540	-734	-809	-484	-375	-234	46	362	597
<b>Efnahagur</b>									
Eignir samtals	31.605	30.431	30.610	30.821	29.952	31.529	31.613	31.977	32.022
Eiginfjárreikningar	6.932	6.380	5.571	5.087	4.712	4.478	4.524	4.886	5.483
Skuldir og skuldbindingar samtals	24.674	24.051	25.039	25.734	25.240	27.051	27.090	27.092	26.539
<b>Sjóðstreymi</b>									
Veltufé frá rekstri	412	219	219	430	519	651	914	1.243	1.493
Fjárfestingarhreyfingar	-1.323	485	-396	-422	671	-1.773	-473	-773	-473
Afborganir langtímalána	-689	-991	-1.066	-1.066	-896	-1.625	-773	-682	-711
Hækkun/lækkun á handbæru fé	4	-358	-1.213	-1.033	317	-2.729	-332	-212	309
Skuldaviðmið	234,9%	230,4%	229,2%	225,3%	209,6%	209,0%	198,0%	186,6%	172,7%
Framlegð / tekjur	5,0%	2,1%	2,1%	4,4%	4,4%	4,4%	6,2%	8,3%	9,7%
Rekstrarniðurstaða	-540	-734	-809	-484	-375	-234	46	362	597
Veltufé / tekjur	4,4%	2,3%	2,2%	4,1%	4,7%	5,4%	7,2%	9,3%	10,6%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	0,60	0,22	0,21	0,40	0,58	0,40	1,18	1,82	2,10

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG


Lágmarksviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga					
Skuldaviðmið	50%	100%	150%	200%	250%
Framlegð / tekjur	5,0%	10,0%	15,0%	20,0%	25,0%
Rekstrarniðurstaða	> 0	> 0	> 0	> 0	> 0
Veltufé / tekjur	2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%
Veltufé / afb. lána og skuldbindinga	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0	> 1,0

Heimild: Bréf EFS til sveitastjórna um fjármál sveitarfélaganna, 2013

## Rekstrarjöfnuður


- Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber sveitarstjórnnum að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og skulda sé þannig háttáð á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Er í lögunum skilgreint rekstrarviðmið og skuldaviðmið.
- Rekstrarviðmiðið, kallað rekstrarjöfnuður, kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B- hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samlögðum reglulegum tekjum.
- Miðað við núverandi áætlanir munu bæði A hluti og A og B hluti ná rekstrarjöfnuði á árinu 2019.

Rekstrarjöfnuður A hluti milljónir króna



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

Rekstrarjöfnuður AB hluti (milljónir króna)




Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG



## Skuldir og skuldaviðmið


- Reykjanesbær er skuldugasta sveitarfélag landsins og skuldaði í árslok 2013 samkvæmt ársreikningi 271,4% af rekstrartekjum sínum á sama tíma. Meðaltal allra sveitarfélaga er um 183,6%.
  - Reykjanesbær er með mjög hátt hlutfall leiguskuldbindinga og eru þær allar innan A hlutans.
- Skuldaviðmið samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum. Þá hefur verið tekið tillit til sérstækra skuldbindinga sem heimilt er að draga frá heildarskuldum svo sem skuldbindinga vegna hjúkrunarheimila fyrir ríkissjóð og hluta lífeyrisskuldbindinga.
- Miðað við langtímaspá nær Reykjanesbær ekki skuldaviðmiði sveitarstjórnarlaga fyrir árslok 2021 sem er tímarammi laganna. Áætlað er að skuldviðmið Reykjanesbæjar miðað við A og B hluta í langtímaspá verði um 189% í árslok 2021.

### Skuldaviðmið A hluti



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

### Skuldaviðmið AB hluti



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

# Staðan


## Þróun framlegðar yfir spátímamann

### Framlegð Reykjanesbæjar

- Almennt þurfa skuldsettari sveitarfélög að vera með hærri framlegð til að standa undir hærri greiðslubyrði.
  - Eftirlitsnefnd styðst við hækkingu framlegðarhlutfall (veltufé) eftir því sem skuldaviðmið er hærra.
- Myndirnar til hliðar sýna framlegð og framlegðarhlutfall sem er rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði (sambærilegt við EBITDA í fyrirtækjarekstri).
- Framlegð A hluta Reykjanesbæjar sem hlutfall af tekjum yfir spátímabilið er langt undir meðal framlegðarhlutfalli samanburðar sveitarfélaga<sup>1</sup> sem var 13,1% í lok árs 2013.
- Framlegðarhlutfall A og B hluta Reykjanesbæjar yfir spátímabilið er hins vegar yfir meðaltali samanburðar sveitarfélaga.
  - Framlegð samkvæmt ársreikningi innifelur heildarframlegð HS Veitna. Hins vegar á Reykjanesbær einungis 50% í því félagi.
  - Rauða línan í neðra grafi sýnir framlegð þar sem leiðrétt er fyrir hluta annarra eigna í framlegð HS Veitna.
  - Miðað við þá stöðu er framlegð A og B hluta lakari en hjá samanburðar sveitarfélögum.
    - Samanburðar sveitarfélögin eru valin þar sem þau eru líkust Reykjanesbæ varðandi rekstur, stærð og/eða legu landfræðilega.


1. Samanburðar sveitarfélög eru Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær, Grindavík og Akureyrarkaupstaður

### Framlegð Reykjanesbæjar (A-hluti)



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

### Framlegð Reykjanesbæjar (AB-hluti)



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

# Skýr markmið – „Sóknin“

# Skýr markmið - „Sóknin“

## Samanburður við önnur sveitarfélög

### Framlegð og skuldahlutfall

- Töflurnar hér að neðan sýna tekjur, framlegð, skuldir og skuldahlutföll hjá Reykjanesbæ og sex öðrum sveitarfélögum til samanburðar. Hér er litið á skuldahlutfall án leiðréttingar sem heimilar eru samkv. reglugerð við útreikning á *skuldaviðmiði*.
- Þegar litið er til A hluta er framlegð umtalsvert lægri en í samanburðar sveitarfélögum.
- Skuldahlutfallið er einnig umtalsvert hærra hjá Reykjanesbæ.
- Reykjanesbær þarf að vinna markvisst að því að bæta rekstur A hluta til að ná sambærilegri framlegð útúr sínum rekstri og samanburðar sveitarfélögin. Samhliða þarf að vinna að lækkun skuldsetningar A og B hluta.

#### Greining á skuldahlutfalli A hluta 2013 (Reykjanesbær og samanburðar sveitarfélög)

M.kr.	Reykjanesbær	Kópavogsbær	Garðabær	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Mosfellsbær	Grindavíkurbær	Akureyrar- kaupstaður	Meðaltal utan RNB
Rekstrartekjur	9.376	20.136	8.940	17.018	6.260	1.994	13.587	
Framlegð	465	3.603	1.291	2.024	614	230	1.743	
Skuldir og skuldbindingar	24.674	32.687	8.843	33.292	8.630	1.118	15.032	
Framlegðarhlutfall	5,0%	17,9%	14,4%	11,9%	9,8%	11,5%	12,8%	<b>13,1%</b>
Skuldir/Framlegð	53	9	7	16	14	5	9	<b>10</b>
Skuldahlutfall	263%	162%	99%	196%	138%	56%	111%	<b>127%</b>

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG


#### Greining á skuldahlutfalli A og B hluta 2013 (Reykjanesbær og samanburðarsveitarfélög)

M.kr.	Reykjanesbær	Kópavogsbær	Garðabær	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Mosfellsbær	Grindavíkurbær	Akureyrar- kaupstaður	Meðaltal utan RNB
Rekstrartekjur	14.893	21.818	9.950	18.691	6.828	2.270	18.741	
Framlegð	2.621	4.920	1.650	3.035	867	399	3.302	
Skuldir og skuldbindingar	40.422	42.571	9.798	40.438	9.732	1.437	23.347	
Framlegðarhlutfall	17,6%	22,5%	16,6%	16,2%	12,7%	17,6%	17,6%	<b>17,2%</b>
Skuldir/framlegð	15	9	6	13	11	4	7	<b>8</b>
Skuldahlutfall	271%	195%	98%	216%	143%	63%	125%	<b>140%</b>

Heimild: Ársreikningar; Greining KPMG

# Skýr markmið - „Sóknin“

## Skuldaviðmið og veltufé sveitarfélaga A og B hluti



Reitur 1: Lítil skuldsetning og rekstur stendur vel undir núverandi skuldsetningu

Reitur 2: Mikil skuldsetning en rekstur stendur undir núverandi skuldsetningu

Reitur 3: Lítil skuldsetning en rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu

Reitur 4: Mikil skuldsetning og rekstur stendur ekki undir skuldsetningu að öllu jöfnu


Heimild: Íslensk sveitarfélög, skýrsla gerð af Íslandsbanka

# Skýr markmið - „Sóknin“ Hvað þarf að gera?

## Markmið til framtíðar

- Núverandi skuldaviðmið Reykjanesbæjar er langt umfram lögbundið hámark og ljóst að það er verk að vinna til að koma því niður fyrir hámarkið yfir spátímabilið.
- Þannig er nauðsynlegt að ná skuldaviðmiðinu niður fyrir 150% til þess að uppfylla skilyrði sveitastjórnarlaga og tímamörkin eru til 2021.
- Það að uppfylla lágmarksmarkmið er þó ekki endilega ákjósanleg staða.
- Eðlilegt er að Reykjanesbær setji sér markmið sem miða að því að ná viðunandi stöðu til lengri tíma og tryggja sínum íbúum samkeppnishæf lífskjör.
  - Hér er stuðst við markmið um skuldaviðmið verði skilgreint á bilinu 90 – 150% í lok spátímabilsins.

## Skuldaviðmið – Hvað þarf að gera?



# Skýr markmið - „Sóknin“

## „Sóknin“ – Vörðun til framtíðar

### Þörf fyrir heildstæða lausn

- Núverandi áætlanir gera ekki ráð fyrir því að Reykjanesbær nái að uppfylla skuldaviðmið Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélagana.
- En eins og áður er getið þá á það ekki að vera langtímamarkmið sveitarfélagsins að standast lágmarkskröfur, heldur að gera betur.
- Samhliða þarf að gæta að því að ekki sé gengið of nærri þjónustu sveitarfélagsins við íbúana.
- Til að taka á vandanum er þörf á heildstæðri lausn með skýrum markmiðum í fjórum meginþáttum í starfsemi sveitarfélagsins sem eru:
  - Rekstur
  - Fjárfestingar
  - Skuldir og eignir
  - B hluta starfseminnar og sjálfbærni hennar
- Hér verður notaður samnefningarinn „Sóknin“ fyrir þær aðgerðir sem grípa þarf til á komandi árum.
- Í eftirfarandi köflum er fjallað um hvern lið fyrir sig, stöðuna og tillögur að aðgerðum sem geta bætt fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar á komandi árum, umfram núverandi áætlanir.



# Aðgerðir í rekstri





# Aðgerðir í rekstri

## Samanburður á framlegð



### Framlegð

- Framlegð sveitarfélaga segir til um hvaða fjármuni sveitarfélagið hefur til að greiðslu skulda og fjárfestinga.
- Framlegð Reykjanesbæjar er lægst af samanburðar sveitarfélögum og munar þar mest um lægri skatttekjur pr. íbúa en einnig er kostnaður pr. íbúa hærri en sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Mosfellsbæjar.
- Ef Reykjanesbær næði samsvarandi framlegð á íbúa og Kópavogsbær, sem er með hæstu framlegðina í samanburðarhópnum, myndi heildarframlegð sveitarfélagsins aukast um rúmar 900 milljónir króna.
- Nánar er fjallað um tekjur og gjöld á næstu síðum.

Greining á tekjum og gjöldum A hluta árið 2013 (Reykjanesbær og samanburðar sveitarfélög)

Þús. kr.	Reykjanesbær	Kópavogsbær	Garðabær	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Mosfellsbær	Grindavíkurbær	Akureyrar- kaupstaður	Meðaltal utan RNB
Íbúafjöldi	14.527	32.308	14.180	27.357	9.075	2.888	18.103	
Skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs per íbúa	513	522	572	543	579	606	583	
Þjónustutekjur og aðrar tekjur per íbúa	132	101	59	79	110	85	168	
Rekstrartekjur per íbúa	645	623	630	622	690	690	751	<b>668</b>
Laun og launatengd gjöld per íbúa	286	312	282	296	332	346	402	<b>328</b>
Annar rekstrarkostnaður per íbúa	306	194	248	231	278	253	252	<b>243</b>
Rekstrarkostnaður per íbúa	592	506	530	528	610	599	654	<b>571</b>
<b>Framlegð per íbúa</b>	<b>53</b>	<b>117</b>	<b>101</b>	<b>94</b>	<b>80</b>	<b>91</b>	<b>97</b>	<b>97</b>

Heimild: Ársreikningar sveitarfélaganna; Greining KPMG



## Útsvar:

- Reykjanesbær leggur hámarksútsvar á íbúa sína eða sem nemur 14,52% á árinu 2014, en hámarksútsvar á árinu 2013 var 14,48%. Heildartekjur útsvara á árinu 2013 námu um 5 milljörðum króna. Heimildir eru í lögum til að hækka það hlutfall um 10% eða sem nemur 1,45% ef ljóst þykir að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum sveitarfélagsins. Þannig gæti full nýting þeirrar heimildar skilað um 500 m.kr. aukningu í útsvarstekjum.

## Fasteignaskattar:

- Fasteignaskattur er lagður á í samræmi við II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- Fasteignaskattur leggst á fasteignamatstofn í samræmi við 3. gr. laganna og er heimilt er að leggja allt að 0,5% fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði (A), 1,32% á opinberar byggingar (B) og 1,32% á aðrar fasteignir (C). Heimilt er að hækka A og C flokk um allt að 25%.
- Reykjanesbær fullnýtir heimildir í flokki B og C, en hefur svigrúm til að hækka skatt á íbúðarhúsnæði úr núverandi 0,3% í allt að 0,625%

Skipting fasteignaskatts í Reykjanesbæ 2011-2014

	Upphaf- álagning 2011	Upphaf- álagning 2012	Upphaf- álagning 2013	Upphaf- álagning 2014	Álagning með hækkun skatta A (0,5%)	Álagning með hækkun skatta A (0,625%)
Fasteignaskattur íbúðarhúsnæði (A) (0,3%)	345	371	370	363	605	756
Fasteignaskattur opinbert húsnæði (B) (1,32%)	74	75	79	82	82	82
Fasteignaskattur annað húsnæði (C) (1,65%)	413	425	462	493	493	493
<b>Fasteignaskattur alls</b>	<b>832</b>	<b>870</b>	<b>911</b>	<b>938</b>	<b>1.180</b>	<b>1.331</b>

Heimild: Fjármáladeild Reykjanesbæjar; Greining KPMG

Næmnigreining á áhrif hækkunar fasteignaskatts A á heildartekjur miðað við árið 2014

Fasteignaskattur A	Álagning	Hækkun tekna	Fasteignaskattur A	Álagning	Hækkun tekna
0,300%	363	0	0,475%	575	212
0,325%	393	30	0,500%	605	242
0,350%	423	60	0,525%	635	272
0,375%	454	91	0,550%	665	302
0,400%	484	121	0,575%	696	333
0,425%	514	151	0,600%	726	363
0,450%	544	181	0,625%	756	393

Heimild: Fjármáladeild Reykjanesbæjar; Greining KPMG

Hækkun fasteignaskatts á A húsnæði gæti hækkað tekjur um allt að 393 m.kr. á ári, sé farið í hámark.



## Rekstrarkostnaður

- Á árinu 2013 nam rekstrarkostnaður Reykjanesbæjar 8,6 ma.kr. eða 592 þús.kr. á hvern íbúa.
- Rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum var hærri í Reykjanesbæ en meðaltal samanburðarsveitarfélaganna.
- Ef Reykjanesbær næði meðaltali samanburðarsveitarfélaganna, 570 þús.kr. á íbúa, myndi heildar rekstrarkostnaður lækka um 320 m.kr. á ári.
- Ef kostnaðarlækkunin á íbúa myndi ná Kópavogsbæ sem er með lægsta kostnaðinn á íbúa eða 506 þús.kr., gæti rekstrarkostnaður Reykjanesbæjar lækkað um allt að 1.250 m.kr. á ári.

Greining á rekstrarkostnaði árið 2013								
	Reykjanesbær	Kópavogsbær	Garðabær	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Mosfellsbær	Grindavíkurbær	Akureyrar- kaupstaður	Meðaltal utan RNB
Íbúafjöldi	14.527	32.308	14.180	27.357	9.075	2.888	18.103	
Rekstrarkostnaður (milljónir)	8.604	16.343	7.514	14.437	5.532	1.730	11.837	
Rekstrarkostnaður per íbúa (þús.kr)	592	506	530	528	610	599	654	571
Rekstrarkostnaður (hlutfall af heildartekjum)	92%	81%	84%	85%	88%	87%	87%	85%

Heimild: Arsreikningar; Greining KPMG

## Næmnigreining á lækkun rekstrarkostnaðar

Rekstrarkostnaður per íbúa (þús.kr)	Lækkun rekstrar- kostnaðar (mil.kr)
592	0
590	29
580	174
570	320
560	465
550	610
540	755
530	901
520	1.046
510	1.191
506	1.249

Heimild: Greining KPMG

Kostnaðarlækkun ef Reykjanesbær nær meðal rekstrarkostnaði á íbúa meðal samanburðar sveitarfélaga.


Kostnaðarlækkun ef Reykjanesbær nær meðal rekstrarkostnaði á íbúa Kópavogsbæjar.



## Ábendingar og tillögur

- Núverandi framlegð Reykjanesbæjar er um 50% af framlegð samanburðar sveitarfélagana.
- Lagt er til að Reykjanesbær setji sér markmið um aukna framlegð úr rekstri sem nemur 900 m.kr. á ári og farin verði blönduð leið með auknum tekjum og lækkun kostnaðar.
  - Reykjanesbær hefur svigrúm til að hækka fasteignaskatta. Ef það svigrúm er fullnýtt gæti það skilað tæplega 400 m.kr. á ári.
  - Grípa verður til hagræðingaraðgerða í rekstri á komandi árum. Ef svigrúm til hækkunar fasteignaskatta er nýtt þarf lækkun rekstrarkostnaðar að skila 500 m.kr. til þess að markmið um aukna framlegð náist. Þetta jafngildir um 5% lækkun rekstrarkostnaðar.
- Nauðsynlegt er að fara í ítarlega kostnaðargreiningu á öllum rekstrarþáttum A hluta og bera saman við kostnað samanburðar sveitarfélaga til að koma auga á hvar megi gera betur og draga verulega úr kostnaði.
- Áður er farið er í skattahækkanir er æskilegt að ákvarða aðgerðir til að lækka kostnað sem frekast er kostur.

# Fjárfestingar



# Fjárfestingar

## Fjárfestingar í áætlunum A hluta



### Fjárfestingar í A hluta

- Samkvæmt langtímaáætlun sveitarfélagsins eru eftirfarandi fjárfestingar A hluta ráðgerðar til ársins 2021:

Fjárfestingar í áætlun 2015 til 2021							
M.kr.	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Leikskólar			300			300	
Grunnskólar				1300			
Gatnamannvirki og uppbygging hverfa	150	150	150	150	150	150	150
Grunnskólar	10	10	10	10	10	10	10
Leikskólar	10	10	10	10	10	10	10
Menningarhús	10	10	10	10	10	10	10
Íþróttamannvirki	10	10	10	10	10	10	10
Annað	10	10	10	10	10	10	10
<b>Samtals</b>	<b>200</b>	<b>200</b>	<b>500</b>	<b>1.500</b>	<b>200</b>	<b>500</b>	<b>200</b>

Heimild: Fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

### Ábendingar og tillögur

- Í ljósi fjárhagsstöðu eins og Reykjanesbær er staddur í er eðlilegt að fresta fjárfestingum þar sem það er mögulegt, svo sem í skólabyggingum og þá frekar verði húsnæðisvandi slíkra stofnana leystur með færanlegum kennslustofum eins og tíðkast hjá öðrum sveitarfélögum.
- Þó verður að gæta þess að í áætlun telst vart raunhæft að gera ekki ráð fyrir neinu fjármagni til fjárfestinga, en samkvæmt langtímaáætluninni er grunnfjárfesting sveitarfélagsins áætluð öll árin um 200 m.kr. Því er lagt til að halda þeirri fjárhæð sem grunnfjárhæð að jafnaði út áætlunartímabilið eða þar til framlegð A hlutans er komin í viðunandi horf og getur staðið undir frekari fjárfestingum.
- Áætluð framlegð A hluta Reykjanesbæjar árin 2014 og 2015 er áætluð rétt rúmlega 200 m.kr. hvort ár. Því gæti verið að draga þurfi enn frekar úr fjárfestingum en nemur fyrrnefndri fjárhæð á þeim árum ef framlegðarhækkun næst ekki á þessum árum.
- 200 m.kr. fjárfesting á ári jafngildir 14 þús.kr. pr. íbúa, en á árunum 2010 til 2013 nam fjárfesting A hlutans að meðaltali á ári pr. íbúa í Reykjanesbæ tæpum 50 þús. kr. pr. íbúa. Því er um verulega lækkun á fjárfestingum að ræða, en fjárfestingar síðasta áratug ættu að hafa bætt innviði sveitarfélagsins til muna til að hægt sé að draga úr fjárfestingum til skamms tíma.



### Fjárfestingar í B hluta

#### Reykjaneshöfn

- Langtímaáætlun Reykjaneshafnar gerir einungis gert ráð fyrir fjárfestingum sem leiða beint af tveimur verkefnum sem orðin eru samningsbundin í útkomuspá.
- Í báðum verkefnum koma hærri tekjur á móti viðkomandi fjárfestingu en nemur fjárfestingunni sjálfri.

#### HS Veitur ehf.

- Samkvæmt upplýsingum frá HS Veitum er einungis gert ráð fyrir fjárfestingum í takt við umsvif fyrirtækisins og þjóðfélagsins á hverjum tíma.
- Áætluð fjárfesting hvers árs nemur um 235 m.kr.

#### Fráveita

- Gert er ráð fyrir 150 m.kr. fjárfestingu á hverju ári út áætlunartímann.

#### Niðurstaða:

- Ekki raunhæft að draga úr fjárfestingum.

#### Niðurstaða:

- Fara þarf yfir fjárfestingar með stjórn HS Veitna og leggja mat á fjárfestingarþörf félagsins.

#### Niðurstaða:

- Fara þarf yfir fjárfestingarþörf veitunnar til langs tíma og leggja mat á þörf viðkomandi fjárfestingar m.t.t. álagningar á fráveitugjöldum.

**Leggja verður áherslu á að lágmarka allar fjárfestingar þar til viðnandi framlegð hefur náðst**

# Skuldir og eignir





# Skuldir og eignir

## Skuldastaða og þungar afborganir



### Samsetning skulda og skuldbindinga

- Taflan að neðan sýnir heildarstöðu vaxtaberandi skulda og skuldbindinga í A og B hluta miðað við árslok 2013, samtals tæplega 35 ma.kr.
- Í A hluta vega leiguskuldbindingar þyngst, eða 12 ma.kr. af 20 ma.kr.


Vaxtaberandi skuldir			
	A hluti	B hluti	Samtals
Leiguskuldbindingar	12.075.629		12.075.629
Langtímaskuldir við lánastofnanir	3.303.416	14.385.508	17.688.924
Framkvæmdalán, íbúðalánasjóður	913.419		913.419
Skuldir við lánastofnanir, yfirdráttur	511.615	38.492	550.107
Viðskiptaskuldir	453.151	325.888	779.039
Aðrar skammtímaskuldir	976.754	156.633	1.133.387
<b>Samtals</b>	<b>20.268.772</b>	<b>14.906.521</b>	<b>34.724.810</b>

Heimild: Ársreikningur Reykjanesbæjar 2013; Greining KPMG

### Þung greiðslubrýði lána og leiguskuldbindinga


- Greiðslubrýði vegna skulda og skuldbindinga er þung á næstu árum og umfram þá framlegð sem reksturinn skilar í A hluta.
- Að auki eru háir gjalddagar eingreiðslubrýða í A og B hluta árin 2016 og 2018.
- Ljóst er að endurfjármagna þarf skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins. Heildarskuldir þurfa að miðast við langan endurgreiðslutíma.
  - Línurnar á myndunum til hliðar sýna hverjar greiðslur heildarskulda væru miðað við 20 og 30 ára jafnan afborganaferil.
  - Endurgreiðslur lána þurfa að vera enn lægri allra næstu ár svo framlegð rekstrar dugi fyrir greiðslu lána.

### Afborganir langtímaskuldbindinga A hluti



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

### Afborganir langtímaskuldbindinga AB hluti



Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG



## Hætta á greiðsluvanda

- Ef lítið er á sjóðstreymi árána 2014 og 2015 blasir við fjárvöntun samtals að fjárhæð 1,3 milljarðar króna.
- Þessa fjárvöntun þarf að fjármagna með einhverjum hætti, en fjárhagsstaða sveitarfélagsins takmarkar mjög leiðir til fjármögnunar.
- Þannig gæti stefnt hratt í alvarlegan greiðsluvanda ef ekki tekst að endursemjá um skuldir og fjármagna um leið skammtímavandann sem er að safnast upp.

Fjárvöntun í fjögurra ára áætlun							
M.kr.	A hluti	Uppsöfnun A huti	Fasteignir Reykjanes- bæjar	Hjúkrunar- heimilið Nesvellir	Reykjanes- höfn	Samtals B hluti	Uppsöfnun A og B hluti
Árið 2014	-330	-330	-33	45	108	120	-210
Árið 2015	-1.213	-1.543	-21	-8	151	121	-1.302
Árið 2016	-1.034	-2.577	-25	-10	-2.445	-2.480	-4.816
Árið 2017	317	-2.260	-28	-11	429	390	-4.109
	<b>-2.260</b>		<b>-108</b>	<b>16</b>	<b>-1.758</b>	<b>-1.849</b>	

Heimild: Ársreikningar, fjárhagsáætlun og langtímaspá Reykjanesbæjar; Greining KPMG

## Mikilvægt að semja um endurfjármögnun

